

Fimmtudagurinn 13. mars 1997 kl. 14:00

91. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 4/1997

**Staðfesting á bráðabirgðaákvörðun Samkeppnisstofnunar
nr. 1/1997 frá 27. febrúar 1997
Auglýsingar B&L um greiðslukjör á bifreiðum**

I.

Málavextir

1.

Þann 16. janúar 1997 birtist í Morgunblaðinu auglýsing frá B&L undir fyrirsögninni „pakkadagar“ þar sem m.a. voru auglýst greiðslukjör á bifreiðum. Í auglýsingunni kom fram hvert kaupverð bifreiðarinnar væri ásamt nauðsynlegri útborgun, greiðslu á mánuði í 36 mánuði og hver lokaafborgun væri.

Þann 13. janúar 1995 setti Samkeppnisstofnun reglur um verðupplýsingar í auglýsingum með heimild í 30. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993. Reglurnar voru settar til þess að koma í veg fyrir að upplýsingar um verð í auglýsingum væru rangar, ófullnægjandi eða villandi sbr. 21. gr. samkeppnislaga. Í reglunum segir í 4. gr.:

„Ef einhverjar upplýsingar eru gefnar í auglýsingum um greiðslukjör eða afborganir skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:

4.1. *Staðgreiðsluverð.*

4.2. *Heildarupphæð sem greiða skal, þ.e. samtala höfuðstóls, vaxta og kostnaðar miðað við tiltekinn lánstíma.“*

Í fyrrnefndri auglýsingu B&L var heildarupphæðar ekki getið.

Samkeppnisstofnun sendi B&L erindi þann 16. janúar þar sem athygli fyrirtækisins var vakin á reglum um verðupplýsingar í auglýsingum og þeim

tilmælum jafnframt beint til fyrirtækisins að auglýsa framvegis í samræmi við fyrrgreindar reglur. B&L var gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við tilmæli stofnunarinnar en engar bárust.

2.

Þann 5. febrúar 1997 birtist aftur auglýsing frá B&L í Morgunblaðinu þar sem ekki var farið að tilmælum Samkeppnisstofnunar um að birta heildarupphæð þá sem greiða skal fyrir auglýstar bifreiðar. Jafnframt hafði fyrirtækið sent út auglýsingaefni til einstaklinga þar sem greiðslukjör á bifreiðum voru auglýst og heildarupphæð kom ekki fram.

Samkeppnisstofnun ítrekaði því fyrri tilmæli við B&L og óskaði þess að fyrirtækið breytti auglýsingum sínum þegar í stað svo ekki þyrfti að koma til frekari aðgerða af hálfu stofnunarinnar. Engar athugasemdir bárust frá B&L.

3.

B&L auglýsti síðan í sjónvarpi, helgina 21.–23. febrúar sl., greiðslukjör á bifreiðum án þess að á nokkurn hátt hefði verið tekið tillit til tilmæla Samkeppnisstofnunar. Þann 24. febrúar sl. sendi Samkeppnisstofnun B&L enn eitt erindið þar sem þess var krafist að fyrirtækið hætti þá þegar að auglýsa greiðslukjör á bifreiðum án þess að birta heildarupphæð sem greiða skal. Jafnframt var athygli B&L vakin á 51. gr. samkeppnislaga þar sem segir m.a.:

„Samkeppnisráð getur bannað athafnir sem brjóta í bága við ákvæði 20., 21. og 22. gr. laga þessara. Banni má fylgja ákvörðun um dagsektir sem kemur til framkvæmda ef bannið er brotið. Dagsektir geta numið frá 50 þúsundum til 500 þúsunda króna á dag.“

Með vísan til 13. gr. stjórnsýslulaga var fyrirtækinu gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við Samkeppnisstofnun fyrir kl. 12:00 þann 26. febrúar en að þeim tíma liðnum yrði málið tekið til ákvörðunar.

Auglýsing B&L birtist enn óbreytt í sjónvarpi þann 25. febrúar sl.

4.

Svar barst frá auglýsingastofunni Argusi & Örkinni hf. fyrir hönd B&L, dags. 26. febrúar 1997, þar sem segir:

„Löng hefð er fyrir því að farið sé í kringum þau ákvæði sem talið er að hafi verið brotin í þessum auglýsingum, a.m.k. eins löng og tilvist greiðslukortanna hér á landi. Allt frá þeim tíma hafa vörur verið auglýstar á raðgreiðslum til lengri tíma án þess að heildarkostnaðar hafi verið getið. Mörg önnur dæmi eru um þetta, líkt og auglýsingar margra bílaumboða fyrir nokkrum árum sem byggðu herferðir sínar á fyrirsögnum um lága greiðslubyrði á mánuði. Nýjasta dæmið er auðvitað frá ferðaskrifstofunum sem bjóða greiðsludreifingu til margra ára án þess að minnst á kostnað við slíka tilhögun.

Sannleikurinn er sá að í umræddum auglýsingum B&L, kemur heildarkostnaður alltaf fram, þótt ekki sé búið að slá saman nokkrum tölum sem mynda hann. Þannig treystum við neytendum til að leggja saman útborgun, lokaafborgun og margfeldi mánaðarlegra greiðslna því þannig blasir heildarkostnaðurinn við og ekkert er falið.

Ástæða þess að Samkeppnisstofnun sér ástæðu til að taka þetta mál upp nú, er örugglega vegna nýs lánafyrirkomulags sem bílaumboðin tóku í gagnid í upphafi árs og eitt bílaumboðanna kynnti með þeim hætti að verðskyn neytenda var verulega brugðið. B&L og önnur bílaumboð tóku aldrei þátt í þeim leik.

B&L á langa og farsæla sögu á íslenska auglýsingamarkaðnum og hefur fyrirtækið alltaf haft réttmæta viðskiptahætti að leiðarljósi í auglýsingastarfinu og mun gera það áfram. Að sama skapi óskar fyrirtækið eftir því að ein lög gangi yfir alla og tímabundið írafár á einum markaði, af völdum eins aðila, spilli ekki fyrir því markmiði.

Í ljósi þessa, er það skoðun B&L, að fyrirtækinu beri ekki að breyta auglýsingum sínum.“

II.

Niðurstaða

Reglur þær um verðupplýsingar í auglýsingum, nr. 21/1995, sem mál þetta byggist á eru settar þann 13. janúar 1995 og frá þeim tíma hefur mikill fjöldi auglýsinga þar sem reglurnar hafa verið brotnar komið til meðferðar Samkeppnisstofnunar. Í allflestum tilvikum hefur verið farið að tilmælum stofnunarinnar og málum því lokið með sátt en samkeppnisráð hefur einnig

tekið ákvarðanir um bann við auglýsingum um greiðslukjör þegar heildarupphæðar hefur ekki verið getið.

Samkeppnisstofnun tekur fram að jafnræðis er ávallt gætt og telji stofnunin ástæðu til eru athugasemdir gerðar við allar þær auglýsingar sem taldar eru brjóta gegn ákvæðum laga eða reglna, án tillits til þess hver auglýsandinn er.

Í auglýsingum þeim sem greint er frá hér að framan hefur B&L veitt ófullnægjandi og villandi upplýsingar og þar með hefur fyrirtækið brotið 21. gr. samkeppnislaga og reglur um verðupplýsingar í auglýsingum. Í ljósi þess að fyrirtækið hefur virt að vettugi tilmæli Samkeppnisstofnunar um að fara að lögum í auglýsingum telur stofnunin þörf á því að taka bráðabirgðaákvörðun á grundvelli 8. gr. samkeppnislaga og banna B&L að auglýsa greiðslukjör á bifreiðum þegar ekki koma fram upplýsingar um heildarupphæð þá sem greiða skal, þ.e. samtala höfuðstóls, vaxta og kostnaðar miðað við tiltekinn lánstíma.

Á það skal minnt að brot gegn ákvæðum samkeppnislaga og reglum og fyrirmælum settum samkvæmt þeim geta varðað fésektum, varðhaldi eða fangelsi, sbr. 57. gr. laganna.

III.

Ákvörðunarorð:

„Samkeppnisráð staðfestir eftirfarandi bráðabirgðaákvörðun Samkeppnisstofnunar nr. 1/1997 frá 27. febrúar 1997 með vísan til forsendna hennar:

„Með vísan til 4. gr. reglna um verðupplýsingar í auglýsingum, sbr. 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, og með heimild í 51. gr. sömu laga bannar Samkeppnisstofnun B&L, Ármúla 13, Reykjavík, að auglýsa greiðslukjör á bifreiðum þegar ekki koma fram upplýsingar um heildarupphæð þá sem greiða skal, þ.e. samtala höfuðstóls, vaxta og kostnaðar miðað við tiltekinn lánstíma.

Bannið tekur gildi kl. 12:00 þann 28. febrúar 1997.“

Verði banninu ekki fylgt mun samkeppnisráð beita dagsektum skv. 51. gr. samkeppnislaga.“